



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.09.19
Málalykil	09.32
Mál nr.	1909066

Reykjavík 28.8.2019

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Iðnaðarsvæði í Álfsnesvík

Auglýsing tillagna að breytingum á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ásamt nýju deiliskipulagi vegna iðnaðarsvæðis við Álfsnesvík.

Álfsnesvík.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins auglýsir tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, sbr. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Samhliða auglýsir skipulagsfulltrúi Reykjavíkur breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. 31. gr. skipulagslaga og nýtt deiliskipulag við Álfsnesvík í samræmi við 43. gr. skipulagslaga. Tillögum fylgir sameiginleg umhverfisskýrsla sem unnin er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Markmið skipulagstillagnanna er að afmarka heppilegt land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Í umhverfismati skipulagstillagnanna kemur fram niðurstaða um að Álfsnesvík sé ákjósanlegasti staðarvalskosturinn fyrir þessa starfsemi. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur er afmarkað iðnaðarsvæði vegna þessa í Álfsnesvík og í tillögu að breytingu á svæðisskipulagi eru vaxtarmörk færð þannig að iðnaðarsvæðið verði innan þeirra. Í tillögu að deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík er sett fram stefna um afmörkunlóðar og aðkomu að henni, hafnarkant, byggingarreit og landmótun við lóðarmörk. Gert er ráð fyrir því að Björgun ehf. flytji starfsemi sína á umrætt svæði.

Tillögurnar, ásamt sameiginlegri umhverfisskýrslu og umsögn Skipulagsstofnunar um aðalskipulagstillöguna liggja nú frammi til sýnis á skrifstofu SSH, Hamraborg 9 Kópavogi, hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b í Reykjavík, í þjónustuveri Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14 og á skrifstofum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, frá 30. ágúst til og með 11. október 2019. Gögnin eru einnig aðgengileg á vef SSH, www.ssh.is/svaedisskipulag og á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/skipulag-i-kynningu og adalskipulag.is

Þau sem vilja kynna sér tillögurnar frekar eru hvött til að mæta á opinn kynningarfund sem haldinn verður á umræddu tímabili og boðað verður til með sérstakri auglýsingu. Þar verður einnig kynning á frummatsskýrslu, sbr. lög nr. 106/2000, vegna mats á umhverfisáhrifum landfyllingar og hafnar fyrir efnisvinnslusvæði á Álfsnesi, en skýrslan ásamt fylgigögnum liggur frammi til kynningar hjá Skipulagsstofnun og hjá Reykjavíkurborg í Borgartúni 12-14. Frétt um kynningu frummatsskýrslu er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, skipulag.is. Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er hvattur til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skrifstofu SSH Hamraborg 9, 200 Kópavogi eða á skrifstofu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14. Einnig má senda á netfangið ssh@ssh.is eða skipulag@reykjavik.is eigi síðar en kl. 16:00 11. október 2019.

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur